

Ferðafélag Akureyrar
Hjalti Jóhannesson
Strandgötu 23
600 Akureyri



Mývatni 29. júní 2016
UST201605-114/D.Ö.H.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til aksturs utan vegavegna endurnýjunar gönguskála við Bræðrafell í Ódáðahrauni í Suður-Þingeyjarsýslu.

Þann 13. maí síðastliðinn barst Umhverfisstofnun umsókn frá Hjalta Jóhannessyni f.h. Ferðafélags Akureyrar (FFA) um leyfi til aksturs utan vega vegna endurnýjunar fjallaskála við Bræðrafell í Ódáðahrauni í samræmi við 2. mgr. 31. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega, sbr. 1. mgr. 31. gr. náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun getur veitt sérstakt leyfi, ef nauðsyn krefur, til að aka vélknúnum ökutækjum utan vega, m.a. vegna starfa við viðhald skála, enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 2. mgr. 31. gr.

Lýsing framkvæmdar

Skálinn, sem er 7 km vestan við Herðubreið, var fluttur á staðinn á vörubíl 1977 og hefur síðan sinnt göngufölki sem gengur leiðina milli Herðubreiðarlinda og Dreka. Í erindi FFA kemur fram að skálinn sé eina húsaskjólið á stóru svæði og það skjól sem næst er uppgöngu Herðubreiðar. Skálinn er orðinn lélegur og uppfyllir ekki kröfur nútímans um aðbúnað og öryggi.

Til stendur að endurnýja gamla skálann og hefur Skútustaðahreppur þegar gefið út byggingaleyfi vegna framkvæmdarinnar d.s. 1. apríl 2016. Til að endurnýja skálann þarf að fara þrjár ferðir utan vega, þá fyrstu þann 15. júlí á þrem jeppum, aðra ferð þann 12. ágúst á þrem jeppum og tveimur vörubílum með efni en þá verður rusl einnig fjarlægt. Síðasta ferðin verður farin 19. ágúst á þrem jeppum og í þeirri ferð verða fór eftir bíla afmáð.

Gert er ráð fyrir að endurnýjaður skáli verði með gistirými fyrir 16 einstaklinga en gönguleiðin sem skálinn stendur við er vinsæl og er það því í þágu öryggis að hafa traustan skála á staðnum auk þess sem hann tengir hina vinsælu gönguleið, öskjuveginn, saman.

Fyrirhuguð akstursleið

Leiðin sem stefnt er að því að fara liggur útaf slóða við uppgöngu Herðubreiðar. Eftir að þeirri leið sleppir tekur við leið í sandi sem notuð hefur verið af jarðvísindamönnum vegna mælitækja sem þar eru, en sú leið er almennt ekki sjáanleg á yfirborði. Fengnir hafa verið GPS purnktar af leiðinni. Eftir að þeirri slóð lýkur verður leitast við að aka eftir sandlænum og sléttu helluhrauni að skálanum. Svipuð leið var farin árið 1977 þegar skálinn var upphaflega fluttur að Bræðrafelli.

Umsækjandi stefna að því að fara könnunarferð, fótgangandi, helgina 1. – 3. júlí til að fastsetja leiðina sem ekin verður.

Áhrifamat

Umhverfisstofnun óskaði rökstuðnings fyrir því að efni væri ekki ekið á staðinn að vetri, á snævi þakinni jörð. Rökstuðningur barst þann 25. maí en þar segir að svæðið sé eitt það úrkumuminsta á landinu, í skjóli norðan Vatnajökuls, og því eru snjóalög ótrygg í ódáðahrauni þar sem hryggir og steinar geta staðið upp úr þratt fyrir að snjór sé. Ekki er hægt að tryggja að hægt sé að ganga þannig frá efni að ekki hljótist tjón af meðan beðið er færir til framkvæmda auk þess sem það gæti reynst erfitt að fjarlægja rusl af svæðinu að framvkæmdum loknum. Að lokum er nefnt að kostnaður við flutning með jeppum og snjóbílum sé mikill enda ódáðhraun langt inni í óbyggðum. Það var mat forsvarsmanna FFA að tryggara væri út frá umhverfissjónarmiðum, og kostnaðarsjónarmiðum, að vinna verkið að sumri.

Við áhrifamat var haft samráð við fulltrúa Vatnajökulsþjóðgarðs Hrönn Guðmundsdóttur og tæknimann raunvísindastofnunar Háskóla Íslands sem létt í té GPS punkta af leið vísindamanna. Í erindi Vatnajökulsþjóðgarðs segir að þjóðgarðurinn geri ekki athugasemd við að leyfi verði veitt til FFA, að því gefnu að hnit fáist frá vísindamönnum af fyrirhugaðri akstursleið vestur frá Herðubreið og að sú leið sé nothæf til flutninganna. Landverðir Vatnajökulsþjóðgarð munu fylgjast með framvindu verkefnisins við reglubundna landvörslu á svæðinu.

Leiðin sem fyrirhugað er að aka liggur um fornt helluhraun, sanda og vikurbreiður. Að hluta til er hraunið úfið en sléttar hraunhellur á milli. Lítill gróður er á svæðinu þó að á stöku stað hafi gras mögulega fest rætur. Leiðin hefur verið ekin áður þó að lítið sjáist móta fyrir henni á loftmyndum, ef undan er skilin 500 metra kafli rétt suðaustan við skálann í Bræðrafelli. Hluti leiðarinnar er mjög grófur og full ástæða til að hafa allann varann á þegar farið er um á vörubil svo að ekki verði óhöpp sem skaðað geta umhverfið.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun veitir Ferðafélagi Akureyrar hér með leyfi til þess að aka utan vega að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:


- Farið skal eftir þeirri lýsingu er fram kemur í bréfi þessu, hvað varðar framkvæmd og fyrirhugað leiðarval. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um allar breytingar, fyrirfram, og fá álit fulltrúa stofnunarinnar.
- Ökumönum er skyld að gæta sérstakrar varkárnir og forðast að valda varanlegum náttúruspjöllum.
- Ökumenn skulu halda skrá um akstur sinn utan vega og veita Umhverfisstofnun aðgang að þeirri skrá þegar óskað er.
- Endanleg leið skal valin í samráði við Umhverfisstofnun.
- Afmá skal hjólför utan vega þar sem ekið er útaf merktum slóða og 50 metra út frá þeim stað.
- Að verki loknu skal senda fulltrúa Umhverfisstofnunar myndir sem sýna frágang og ummerki eftir aksturinn.
- Leyfi þetta gildir fyrir þremur ferðum á tímabilinu 8. júlí til 28. ágúst 2016.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi til aksturs utan vega í tengslum við kvíkmyndagerð, viðhaldi skála og neyðarskýla sbr. 2. mgr 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjaldið skal vera kr. 39.400. Innheimt er í samræmi við 24 gr. a í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Virðingarfyllst


Davíð Órvar Hansson

Davíð Órvar Hansson
Sérfræðingur


Kristín L. Árnadóttir
Forstjóri